

## REGLUGERÐ

### um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.

#### 1. gr.

##### *Skipan.*

Sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila skal starfa í tengslum við Fjármálaeftirlitið.

Viðskiptaráðherra skipar í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila til þriggja ára í senn eftir tilnefningum eftirlitsskyldra aðila. Í nefndinni eiga sæti þrír menn tilnefndir af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sparisjóða, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra tryggingafélaga, einn tilnefndur af Landssamtökum lífeyrisjóða og einn maður tilnefndur sameiginlega af félögum og einstaklingum sem stunda miðlun váttrygginga, Kvótaþingi Íslands, Verðbréfaþingi Íslands og Verðbréfaskráningu Íslands.

Berist ósk um slíkt frá aðilum sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins og ekki eru taldir upp í 2. mgr. er heimilt að fjölga um allt að tvo menn í nefndinni enda sé meirihluti nefndarmanna því samþykktur.

Nefndin velur sér formann. Nefndin skal tilkynna viðskiptaráðherra og Fjármálaeftirlitinu um formann nefndarinnar og aðsetur.

#### 2. gr.

##### *Hlutverk.*

Samráðsnefndin er vettvangur eftirlitsskyldra aðila til þess að geta komið á framfæri viðhorfum sínum til starfshátta og reksturs Fjármálaeftirlitsins.

Nefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum Fjármálaeftirlitsins.

#### 3. gr.

##### *Fundir með Fjármálaeftirlitinu.*

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins skulu eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Skal Fjármálaeftirlitið boða til fundar með nefndinni að minnsta kosti tvisvar á ári. Á fundunum skal annars vegar fjalla um stefnu og helstu áherslur á starfsemi Fjármálaeftirlitsins og hins vegar um skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs skv. 4. gr.

#### 4. gr.

##### *Álit á áætluðu rekstrarumfangi.*

Eftirlitsskyldir aðilar skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins í samræmi við ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fyrir 15. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því álit. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins ásamt álití samráðsnefndar skulu fylgja frumvarpinu sem viðaukar.

5. gr.

*Kostnaður.*

Hvorki ráðuneytið né Fjármálaeftirlitið skulu bera kostnað af starfi samráðsnefndar.

6. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með vísan til 7. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 9. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og öðlast hún þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 3. júlí 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Þorgeir Örlygsson.*